



Skipulagsnefnd
Keflavíkurflugvallar



Landhelgisgæsla Íslands


AÐALSKIPULAG KEFLAVÍKURFLUGVALLAR 2013-2030

Breyting: Auknar byggingarheimildir á
öryggissvæðinu (svæði B)

Breyting nr. 02

Breyting skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010

Mars 2021





1 Inngangur

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030, sem staðfest var dags. 05.10.2017, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin snýr að því að heimilt byggingarmagn á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, svæði B, er hækkað úr 10.000 m² í 35.000 m², til viðbótar við það sem þegar var byggt við samþykkt aðalskipulags.

2 Forsendur

Öryggissvæðið, svæði B, sem afmarkað er á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar, fellur undir landnotkun sem skilgreind er sem varnar- og öryggissvæði í skipulagsreglugerð. Öryggissvæðið er það svæði við Keflavíkurflugvöll þar sem Landhelgisgæsla Íslands annast daglegan rekstur í umboði utanríkisráðuneytisins.

Stærð svæðisins er 755 ha og er starfsemi á öryggissvæði skilgreind sem margvísleg. Um er að ræða flugskýli og viðgerðaraðstöðu fyrir flugvélar auk viðhaldsaðstöðu. Innan svæðis er aðstaða fyrir gistirými og aðra þjónustu sem þarf að veita á öryggissvæði.

Í Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 eru nýjar byggingarheimildir skilgreindar sem 10.000 m². Undanfarið hefur þörf á byggingarheimildum aukist í tengslum við kröfur um þá starfsemi sem ráðgerð er á öryggissvæðum. Það er því komin þörf á auknum byggingarheimildum til að gera stjórnvöldum kleift að uppfylla hlutverk sitt um að annast framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna í samræmi við varnarmálalög nr. 34/2008.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins. Í þeirri breytingartillögu verða kynnt áform um hvernig ráðstöfun verður á auknum byggingarheimildum.

3 Samræmi við aðalskipulag

Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar að öðru leyti en að byggingarmagn rúmast ekki innan þeirra heimilda sem aðalskipulag gerir ráð fyrir.

Breytingartillagan mun ekki breyta landnotkun, veldur óverulegum áhrifum á aðliggjandi svæði eða einstaka aðila og hefur áhrif á takmarkað svæði.

4 Tillaga að breytingu

4.1 Breyting á töflu 4.1 í greinargerð

Breytingin felst í að breyta töflu 4.1 um heimildir á öryggissvæðinu, svæði B, í kafla 4.3 í skipulagsgreinargerð, bls. 23. Við bætist byggingarréttur upp á 25.000 m².

Kafli 4.3 Öryggissvæði skv. gildandi skipulagi

Tafla 4.1 : Heimildir á öryggissvæði, svæði B

Svæði	Stærð [ha]	Viðbótar byggingarréttur [m ²]
VÖ / Svæði B	755	10.000



Kafli 4.3 Öryggissvæði skv. tillögu að breytingu

Tafla 4.1 : Heimildir á öryggissvæði, svæði B

Svæði	Stærð [ha]	Viðbótar byggingarréttur [m ²]	Núverandi byggingarmagn [m ²]	Heildar byggingarréttur [m ²]
VÖ / Svæði B	755	35.000	57.000	91.000

4.2 Mat á byggingamagni

Áætlað er að árið 2017, við staðfestingu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, hafi verið um 57.000 byggðir fermetrar á öryggissvæðinu. Af þessum fermetrum voru um 56.000 á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og 1.000 á olíugeymslusvæðinu og olíuhöfninni í Helguvík, auk tanka í Helguvík.

Ef upp kemur að villa er í núverandi skráningu mannvirkja og að í raun séu fleiri eða færri fermetrar á öryggissvæðinu er gert ráð fyrir að gerð verði leiðrétting á matinu og að byggingarár mannvirkja verði til grundvallar þess hvort fermetrar séu taldir með í viðbótar byggingarrétt.

4.3 Skilmálar um viðbótarbyggingarrétt

Starfsemi á öryggissvæði er margvísleg. Auknar byggingarheimildir eru fyrst og fremst áætlaðar fyrir:

- Birgðageymslusvæði á austurhluta öryggissvæðisins. Gert er ráð fyrir að stór hluti viðbótarheimilda verði nýttur á birgðageymslusvæði.
- Gistirými sem tengjast núverandi gistiaðstöðu á austursvæði.
- Aðstöðu í tengslum við efnisvinnslu á efnisvinnslusvæði á suðurhluta öryggissvæðisins.
- Aðstöðu í tengslum við flugskýli og svæði fyrir hættulegan farm á vesturhluta öryggissvæðisins.
- Auk ofangreindra þátta er heimilt að stækka núverandi byggingar á svæðinu og gera ráð fyrir nýjum byggingum á afmörkuðu svæði, séu þær innan 500 m² að stærð og innan heildarbyggingarmagns sbr. töflu 4.1.
- Skilmálar í kafla 4.4. í skipulagsgreinargerð Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2013-2030 gilda einnig.

5 Umhverfisáhrif

Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats aðalskipulags og hefur líklega óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Fjallað er um möguleg áhrif breytinga í eftirfarandi töflu.

Tafla 5.1 Möguleg áhrif aðalskipulagsbreytingar á umhverfisþætti.

Umhverfisþáttur	Möguleg áhrif
Fornleifar	Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats. Breytingin er ekki talin hafa áhrif á fornleifar þar sem hún felur ekki í sér uppbyggingu sem er líkleg til að raska fornminjum. Í deiliskipulagi er fjallað um fornleifar og þær sýndar á uppdrætti. Gert er ráð fyrir að tekið verði á þessum þætti í deiliskipulagi.
Landslag og ásýnd	Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats. Auknar byggingarheimildir koma til með að breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti. Hins vegar er uppbygging að stórum



	hluta innan skilgreindra uppbyggingarsvæða. Á svæðinu eru þegar stór mannvirki, s.s. flugskýli og geymslur, ásamt smærri byggingum. Yfirbragð nýrra mannvirkja verður í samræmi við mannvirki sem almennt eru á alþjóðlegum flugvöllum. Talið er að auknar byggingarheimildir breyti ásýnd svæðisins utan frá að óverulegu leyti.
Atvinna/ samfélag	Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats. Umsvif á öryggissvæðinu eru fjölbreytt og krefjast ýmiskonar aðstöðu. Breytingin er til þess fallin að gera stjórnvöldum kleift að uppfylla hlutverk sitt um að annast framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna í samræmi við varnarmálalög nr. 34/2008.
Fráveita	Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats. Í framkvæmdaáætlun Isavia um fráveitu á svæðinu er gert ráð fyrir umfangsmeiri uppbyggingu en er í Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030. Aukin umsvif kunna að hafa áhrif á afkastagetu fráveitu, en það fer eftir eðli uppbyggingar hversu mikil áhrif hún hefur á fráveitu.
Landnotkun	Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats. Starfsemi innan öryggissvæðisins er mjög sérhæfð og hafa auknar byggingarheimildir innan þess ekki áhrif á landnotkun í nágrennasveitarfélögum.
Loftgæði/ hljóðvist	Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats. Megin uppspretta hávaða og loftmengunar á Keflavíkurflugvelli er frá flugumferð hefur breytingin því ekki áhrif á umhverfisþátt. Þá ráða byggingarheimildir ekki til um hverskonar starfsemi verður í fyrirhuguðum mannvirkjum og óljóst á aðalskipulagsstigi hvort sú starfsemi hafi áhrif á loftgæði eða hljóðvist.
Aðrir innviðir	Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats.

6 Samþykktir

Breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 sem hefur fengið málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt:

Í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fyrir svæði A þann 5/7 '21

Gömundur Björnsson

Í utanríkisráðuneytinu fyrir svæði B þann 6/7 2021

Anna Jónsdóttir

Breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 var staðfest af
Skipulagsstofnun þann 9/7 2021

Ólafur Jónsson

